

Sveitarstjórn Flóahrepps

Pingborg

801 Selfoss

Hallanda 2 13.04.2023

Vegna auglýsingar um skipalagsmál sem birt var 5. apríl 2023.

Nýtt deiliskipulag fyrir Fossmýri L224005; deiliskipulag -2302024 og breyting á aðalskipulagi samkvæmt ofan nefndri auglýsingu.

Hugleiðingar og athugasemdir landeigenda Hallandi 2 og Halllanda lands sem liggur vestur af Fossmýri og nefndur veiðislóði í tillögunni liggur um.

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var samþykkt að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Fossmýri L 224005.

Í þeirri deiliskipulagstillögu koma m.a. eftirfarandi atriði fram sem við mótmælum og viljum gera athugasemdir við.

1. Við skrifuðum undir samþykki lóðarmarka og umferðarréttar árið 2015 að þessari einu lóð með þáverandi skiplagi. Á þeim tíma snerist að okkar mati málið um að ekki væri verið að fara með lóðarmörk inn á okkar land. Ekki vegagerð við stoflugluggann. Þá gátum við ekki séð það að leyfa umferðarrétt um þáverandi og núverandi veiðislóða væri breyting á því sem þegar væri. En við höfðum ekki hindrað nokkurn mann í að ferðast slóðann. Það höfðum við ekki, hvorki þá né nú en með þeim takmörkunum sem slíkur slóði bíður upp á og á þeim stað sem hann lá þá og liggur enn í dag. Ekki var með þessu gefin nein heimild til neins annars en þar er kveðið á um.
2. Veiðislóðinn er um 2,5 m að breidd og með þunnu eða engu malarlagi á köflum. Við notum það land sem hann liggur um til beitar og slóðann sjálfan sem reiðslóða. Við austurkant slóðans að skurði sem liggur síðan norður, liggur girðing sem afmarkar mörk okkar við land Langholts 1 og á þeim kafla höfum við sett upp girðingu við vesturkant slóðans. Síðan liggur slóðinn eftir skurðruðningi sem liggur norður að holti sem liggur að Hvítá. Þar við byrjun skurðar er þvergirðing og hlið sem afmarkar það beutiland sem við eigum upp að Hvítá. Slóðinn er ekki af girtur á því svæði. Þarna ganga iðulega laus hross á okkar vegum og höfum ekki þurft að hafa áhyggjur að umferðarhraða eftir slóðanum. Ekkert er minnst á neinn þessara þátta í nýrri deiliskipulagstillögu heldur gert ráð fyrir að þar sé hægt að fara um og framkvæma að vild.
3. Slóðinn er á hverju vori ófær ökutækjum þegar klaki fer úr jörðu og oft í lengri tíma á veturnum vegna snjóá. Slóðinn yrði því fyrir verulegum skemmdum ætti að nota hann að staðaldri og girðingar yrðu fyrir tjóni vegna snjóruðnings.
4. Í tillögunni er getið um 5 m götubreidd, 9 m vegstæði og veghelgunarsvæði 50 m frá miðlínu vega. Ekki er sérstaklega getið um það í tillögunni að þarna liggi umræddur slóði undir sem fer um okkar land. Enda hefur enginn rætt við okkur vegna fyrirhugaðra breytinga. Eigum við að

gera ráð fyrir að náðst hafi samkomulag við aðra landeigendur á svæðinu um aðkomu eða var verið að samþykkja tillögu um eignarupptöku á okkar landi?


5. Eigi aftur á móti umrædd aðkoma að liggja eftir okkar landi hlýtur það að hafa verið augljóst við samþykkt tillögunnar að íbúðar- og útihús okkar eru innan veghelgunarsvæðis þá einnig raflagnir, vatnslagnir og frárennsli með rotþró. Þá einnig girðingar, beitoland og frárennisskurður. Allt eru þetta atriði sem við höldum að taka þyrfti tillit til við ef leggja nýtt skipulag fram.
6. Þá sem ábending til þeirra sem samþykktu tillöguna þá er Fossamýri oft á tíðum flotamýri, haust, vetur og vor. Sá hluti hennar sem liggur í landi Hallanda 2 og Hallanda lands var ekki skipulagður sem byggingarsvæði í frístundabyggð einmitt vegna þess s.o. dýpt mýrar og mögulega fleiri þátta.
7. Ekki er heldur úr vegi að benda á það svar sem við fengum á sínum tíma frá sveitarfélaginu um það hvort möguleiki væri að hafa aðkomu okkar að nýju íbúðarhúsi, sem þá yrði staðsett í brekkunni norðan við Hallanda, á milli Langholtsbæja og Hallanda. Þá var það ekki talið vænlegt að auka við fasta umferð þar um hlöðin. Heldur þurftum við að leita annara leiða sem og við gerðum.

Þetta eru aðeins nokkrar af okkar hugleiðingum og andmælum við þessari tillögu að breyttu skipulagi. Við vonumst til að fá svör við spurningum okkar og hvort það þarna sé um hefðbundið ferli að ræða.

Með vinsemd



Ann Gunnilla Westerberg



Rúnar Þór Steingrímsson

Samrit sent Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita